68 3. júní.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þorgrímsstaðir í Breiðdal . . . . . | afgjaldið á ári | kr | 57,62 |
| ½ Hrollaugsstaðir með ½ hjáleigunni Engilæk . . | — - — | — | 80,00 |
| Fjallsel í Fellnahrepp . . . . . | — - — | — | 92,39 |
| ½ Hafrafell í sama hreppi . . . . . | — - — | — | 90,49 |
| Kross . . . . . | — - — | — | 60,39 |
| Kleif . . . . . | — - — | — | 58,61 |
| Langhús . . . . . | — - — | — | 56,98 |
| | | kr. | 496,48 |

Fjarðar prestakall fær þannig auk 100 kr. frá Hofi 596 kr. 48 a. eða sem næst 600 kr. af 800 kr. uppbót þeirri, sem ákveðin er í lögunum, en þær 200 kr., sem þá standa eptir, er lagt til að greiddar verði úr landssjóði einsog hingað til.

Útaf þessu skal eigi látið hjálíða, með skýrskotun til brjefs hjeðan frá 18. f. m., að tilkynna yður hjermeð þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg samkvæmt heimild þeirri, sem mjer er veitt í konungsúrskurði 16. f. m., samþykki hjermeð tillögur yðar undir stafliðunum A og B hjer að framan. Sömuleiðis vil jeg þjónustusamlega skora á yður, að gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf í þessu efni, og vænti jeg að fá á sínum tíma skýrslu um það frá yður.

69 27. maí.

**Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um skýrslur um ástand þjóðjarða.** — Jafnframt því að senda hingað skýrslur þær frá umboðsmönnunum í amti yðar um ástand þjóðjarða, sem fyrirskipaðar eru í ráðgjafabrjefi 25. maí 1880 7 (Stj.tíð. 1880 B. 89) og landshöfðingjabrjefi 22. júní s. á. (Stj.tíð. 1880 B. 101) hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað og borið undir samþykki mitt form[1] fyrir slíkum skýrslum umboðsmanna um ástand þjóðjarða, í því skyni, að skýrslurnar úr öllum umboðunum yrðu með sama móti, svo að hægra yrði að fá yfirlit yfir ástand þjóðjarðanna yfir höfuð. Sömuleiðis hafið þjer tekið fram, að betur mundi til fallið, að skýrslur þær, sem hjer er um að ræða, væru miðaðar við fardagaár en almanaksár, einsog hingaðtil hefir átt sjer stað, þarsem umboðsmenn fari umsjónarferðir um umboðin á sumrin og geti þá aðeins rannsakað það sem unnið hafi verið að jarðabótum síðastliðið

1) **Skýrsla** um ástand þjóðjarða samkvæmt

| Tala | Nöfn jarðanna | Abúendur | Hvenær núverandi ábúandi kom á jörðina | Jarðabætur áskildar | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | þúfnasljettun □ faðmar | túngarðahleðsla faðmar | vörzlugarðar faðmar | skurðir faðmar | flóðgarðar faðmar |
| | | | | | | | | |

vor og haustið þar á undan, en verði að fara eptir skýrslum landsetanna sjálfra um haustvinnuna það ár, sem skýrslurnar ná yfir. 69 27. maí.

Útaf þessu skal yður tilkynnt, að jeg samþykki hjermeð hið ofanumgetna form yðar fyrir skýrslur umboðsmanna um ástand þjóðjarða, og sömuleiðis að skýrslur þessar verði framvegis gefnar fyrir fardagaárin, og skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að hlutast til um, að umboðsmennirnir í amti yðar viðhafi form þetta framvegis í skýrslum sínum um ástand þjóðjarða og láti skýrslurnar ná frá fardögum til fardaga.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* útaf ályktun neðri deildar alþingis um skuld Fensmarks til landssjóðs.** — Með þóknanlegu brjefi 18. sept. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi sent hingað ályktun, er samþykkt var af neðri deild aukaalþingis þess, er haldið var í fyrra sumar, og þarsem skorað er á ráðgjafanu fyrir Ísland að gjöra ráðstafanir til þess, að ógoldnar tekjur landssjóðs úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað fyrir árin 1879–1884 verði greiddar í landssjóð, áður en lagt verður fyrir alþingi frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir 1884 og 1885. Þjer hafið um leið tekið fram, *að* hvorki í ályktuninni sjálfri nje í nefnaráliti því, er hún er byggð á, sje gefin nein bending um hvernig hinni eptirræsktu ráðstöfun skuli hagað, *að* öllum eigum fyrrum sýslumanns og bæjarfógeta Fensmarks — en um ábyrgð hans sem reikningshaldara er að ræða í ályktuninni — sje búið að koma í peninga og andvirðið hafi síðan verið greitt í landssjóð til afborgunar skuld hans, og verði því eigi vænzt frekari afborgunar á skuld þessari frá hans hálfu, og *að* þjer eigi fáið sjeð að sú skoðun sje rjett, sem fram hafi komið í umræðum alþingis um málið, að tjón það, er landssjóður hafi beðið af embættisrekstri Fensmarks, hafi hlotizt af eptirlitsskorti frá hálfu yfirboðara hans; að minnsta kosti verði eigi á eptirlitsskorti frá hálfu hinna fyrri landshöfðingja með embættisrekstri Fensmarks byggð nein skylda til að bæta landssjóðnum skaða þann, er hann hafi beðið í þessu efni. Þjer hafið því látið í ljósi það álit, að ráðgjafinn geti eigi gjört neitt til að verða við áskorun þeirri frá neðri deild alþingis sem hjer er um að ræða. 70 11. júní.

Útaf þessu lætur ráðgjafinn eigi hjá líða að tjá yður hjermeð það, er nú skal sagt, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

---

landshöfðingjabrjefi 22. júní 1880.

| Jarðabætur unnar hingað til | | | | | 'stand jarðarhúsa | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| þúfnasljettun □ faðmar | túngarðahleðsla faðmar | vörzlugarðar faðmar | skurðir faðmar | flóðgarðar faðmar | | |
| | | | | | | |